



Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ

Reykjavík, 9. febrúar 2023.

Efni: Umsögn knattspyrnu- og þróunarnefndar KSÍ vegna tillögu um aukinn fjölda varamanna í m.fl. (Þingskjal 12)

Knattspyrnu og þróunarnefnd (KP) er hlynnt þessari breytingu og telur að hún sé af hinu góða og fylgi eftir því sem er að gerast í þessum málum víðast hvar í heiminum. Með fjölgun leikja, hér heima sem og auknum verkefnum liða í Evrópukeppnum, þá gefur þetta meira svigrúm fyrir félögin að mæta auknu leikjaálagi. Því er það af hinu góða að hafa fleiri leikmenn tiltæka til vara á leikskýrslu. Þetta ætti líka að gefa félögunum tækifæri á að gefa yngri leikmönnum hlutverk í leikmannahópum sínum.

Á sama tíma þá þarf að passa upp á að þetta hafi ekki öfug áhrif og þetta komi niður á spiltíma ungra leikmanna. Þeim verði bannað að spila með sínum flokki af því að þeir eigi að vera á bekknum hjá mfl., en endi svo með því að spila ekkert þar.

Hér gæti verið æskilegt að liðin setji sér markmið varðandi spiltíma ungra leikmanna. KP hvetur einnig KSÍ og ÍTF til íhuga hvort þessari breytingu ætti að fylgja reglur um lágmarksfjölda uppaldra leikmanna á leikskýrslu.

Þar sem þessi breyting getur haft í för með sér íþyngjandi kröfur á félög er varðar aðstöðumál, þá má íhuga að tillagan ætti aðeins taka til félaga í Bestu og Lengjudeildum karla og kvenna.

Athygli er vakin á því að nái þessi tillaga fram að ganga, þá þurfa lið ekki að vera með fullan bekk.

Mannvirkjanefnd hefur þessa tillögu einnig til umfjöllunar en sú nefnd mun koma með athugasemdir er snúa að því hvaða áhrif breytingin kann að hafa á aðstöðumál, t.a.m. stærð búningsskafa og varamannaskýla

Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ